

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Á undan 1. gr. komi þrjár nýjar greinar, svohljóðandi:
 - a. (1. gr.)

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Þurfi umsækjandi að halda fleiri en eitt heimili vegna starfa, eigin náms eða náms fjölskyldu er heimilt að greiða niður húshitunarkostnað óháð því hvar lögheimili er skráð. Umsækjandi þarf að staðfesta þörf sína til þess að halda fleiri en eitt heimili með opinberu vottorði eða öðrum gögnum sem Orkustofnun metur nægileg.
 - b. (2. gr.)

2. og 3. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:
Heimilt er að greiða niður hluta kostnaðar við hitun húsnæðis sem er skráð sem íbúðarhúsnæði hjá Fasteignamatí ríkisins þótt þar sé ekki föst búseta. Heimildin nær til þess að greiða niður orkumagn sem svarar til fjórðungs af því orkumagni sem niðurgreitt er vegna þeirra íbúða sem njóta niðurgreiðslna á grundvelli 1. mgr.
Kostnaður við hitun kirkna, bænahúsa trúfélaga, safna, félagsheimila og húsnæðis björgunarsveita skal greiddur niður á sama hátt og hitun íbúða.
 - c. (3. gr.)

Í stað orðanna „Eigandi íbúðar“ og „eiganda“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: Eigandi eða umráðamaður íbúðar, og: eiganda eða umráðamanni.
2. Við 1. gr. Við bætist nýr liður, svohljóðandi: Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fyrir 1. október ár hvert skal leggja fram skýrslu um ráðstöfun fjár samkvæmt lögum þessum á næstliðnu ári. Einnig skal leggja fram endurskoðaða áætlun greiðslna yfirstandandi árs og áætlun fyrir næstkomandi ár. Greina skal sundurliðað hve miklu fjármagni er varið til niðurgreiðslu húshitunar, stofnstyrkja hitaveitna og orkusparnaðaradgerða.
3. Við 2. gr.
 - a. Í stað orðsins „húshitunarorku“ í efnismálsgrein a-liðar komi: húshitunarkostnaði.
 - b. Orðið „Orkustofnunar“ í efnismálsgrein a-liðar falli brott.
4. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi taka gildi 1. júní 2004.